

Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum. Línustamparnir í 39A/11m, fiskkassarnir í 39A/11n, bætingarefnin í nr. 39A/11p, stálgirðingarnetin í 39A/11q, girðingarstaurarnir í 39A/11r og plastplöturnar í nr. 39A/11s skal undanþegið innflutningsgjaldi og fiskkassarnir í nr. 39A/11n undanþegnir innflutningssöluskatti.

Loks hefur ráðuneytið ákveðið að nota heimildina í 3. gr. laga nr. 90/1961, um lækkan aðflutningsgjalda af nokkrum vörum, fyrir eftirtaldar efnivörur til töskugerðar þannig, að gjöldin af þeim verði eins og að neðan greinir og að þær flokkist eins og hér segir:

Tollskrá:			Vöru-	Verð-
Kafli	Nr.		magns-	tollur
			tollur	%
		Toll-	Aurar	
		eining		
36	5a	Aðrar húðir og skinn, sítuð, lituð eða unnin á svipaðan hátt, ót. a., til töskugerðar	1 kg	2 8
39	4	Plötur, þræðir og stengur, ót. a., úr svampgúmmii, til töskugerðar	—	7 2
44	8b	Pappi 700 g/m ² eða þyngri, til töskugerðar ..	—	2 8
71	17a	Smávarningur í þessu tollskrárnúmeri til töskugerðar	—	2 10

Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum, en framangreindar vörur í nr. 44/8b og 71/17a skulu undanþegnar innflutningsgjaldi.

Ofangreindar vörur í nr. 36/5a, 39/4, 44/8b og 71/17a teljast því aðeins til þessara númera með þeim lækkuðu gjöldum, sem þar eru ákveðin, að viðtakandi reki töskugerð og lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu, að vörurnar verði einungis notaðar til töskugerðar.

Enn fremur skal í stað orðsins „—flöskur“ í nr. 11b í auglýsingu ráðuneytisins nr. 115/1959, um niðurfærslu aðflutningsgjalda, koma:

„—flöskur, flöskutappar og hettur“.

Fjármálaráðuneytið, 28. marz 1962.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzson.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um stofnun sérstakrar kirkjusóknar með kirkju í Hveragerði.

Með skírskotun til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 8. f. m., varðandi tilmæli íbúa Hveragerðis um stofnun sérstakrar kirkjusóknar með kirkju í Hveragerði, tekur ráðuneytið fram, að þar sem fyrir liggur samþykki safnaðarfundar Kotstrandarsóknar og héraðsfundar Árnasprófastsdæmis fyrir ráðstöfun þessari, samþykkir það með tilvísun til tillagna yðar og 8. gr. laga nr. 31 1952, um skipun prestakalla, að Kotstrandarsókn verði skipt í tvær sóknir, Kotstrandarsókn og Hveragerðissókn, þannig að Hveragerðishreppur verði sérstök sókn, enda haldi Kotstrandarkirkja eignum sínum og sjóði óskertum og samkomulag verði um afnot hinnar nýju Hveragerðissóknar af Kotstrandarkirkju meðan þeirra gerist þörf.